

Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning í Hvalfjarðarsveit

1. kafli Almenn ákvæði

1. gr. Markmið

Almennar húsnæðisbætur eru veittar á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Sérstakur húsnæðisstuðningur er fjárstuðningur til greiðslu húsaleigu umfram húsnæðisbætur er veittur á grundvelli 2. mgr. 45. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum, og í samræmi við leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings.

Sérstakar húsnæðisbætur eru ætlaðar til að lækka greiðslubyrði vegna húsnæðiskostnaðar hjá einstaklingum og fjölskyldum sem ekki eru á annan hátt færir um að sjá sér fyrir húsnæði eða búa við íþyngjandi húsnæðiskostnað sökum:

- a) lágra launa
- b) þungrar framfærslubyrðar og/eða annarra félagslegra erfiðleika

II. kafli Umsókn og skilyrði fyrir greiðslu sérstaks húsnæðisstuðnings

2. gr. Skilgreiningar

Sérstakur húsnæðisstuðningur: Fjárstuðningur til greiðslu á húsaleigu til viðbótar húsnæðisbótum sem veittar eru á grundvelli laga um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur: Mánaðarlegar greiðslur til lækkunar á húsnæðiskostnaði efnaminni leigjenda íbúðarhúsnæðis hér á landi.

Húsnæðiskostnaður: Sá hluti fjárhæðar sem greiddur er skv. samningi um leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og kostnaðarþættir sem leigjenda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, hússjóð, viðhald ofl. teljast ekki til húsnæðiskostnaðar.

3 gr. Umsóknir

Umsóknir skulu berast rafrænt inn á íbúagátt Hvalfjarðarsveitar eða hún lögð fram hjá Velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar.

Við undirritun umsóknar veita umsækjandi og aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri, sveitarfélaginu heimild til að afla þeirra upplýsinga frá opinberum aðilum eða öðrum sem nauðsynlegt er til að hægt sé að taka afstöðu til umsóknar.

Hafi umbeðin gögn ekki borist 30 dögum frá umsóknardegi er umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning synjað. Þetta gildir þó ekki í þeim tilvikum ef töf á skilum á gögnum má rekja til annarra aðila en umsækjanda.

4. gr.

Skilyrði fyrir því að umsókn verði metin gild

Umsækjandi þarf að uppfylla öll eftirfarandi skilyrði til að umsókn verði samþykkt og verða skilyrðin að vera uppfyllt á meðan umsækjandi fær greiddan sérstakan húsnæðisstuðning:

1. Réttur umsækjanda til húsnæðisbóta á grundvelli laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur skal hafa verið sannreyndur.
2. Umsækjendur skulu vera orðnir 18 ára á umsóknardegi.
3. Umsækjandi á lögheimili í Hvalfjarðarsveit þegar umsókn berst sveitarfélaginu.
4. Staða umsækjanda verður að vera metin að lágmarki til sex stiga, þar af að lágmarki til tveggja stiga hvað varðar félagslegar aðstæður, sbr. matsviðsmið í fylgiskjali með reglum þessum.

Heimilt er að samþykkja umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning þrátt fyrir að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. sé ekki uppfyllt, þegar fyrir liggur að umsækjandi er í húsnæðisleit. Gildistími umsóknar er þrír mánuðir frá samþykkisdegi. Í þeim tilfellum hefst greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings ekki fyrr en skilyrði 1. tl. 1. mgr. 3. gr. er uppfyllt.

III. kafli

Fjárhæð og greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

5. gr.

Fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er reiknaður sem ákveðið hlutfall af húsnæðisbótum. Fyrir hverjar 1.000 kr. sem hlutaðeigandi umsækjandi fær í húsnæðisbætur skv. ákvörðun þar um fær hann greiddar 900 kr. í sérstakan húsnæðisstuðning að teknu tilliti til lækkunar samkvæmt öðrum skilyrðum 5. og 6. gr þessara reglna.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei numið hærri fjárhæð en samtals 100.000 kr. Framangreindar fjárhæðir koma til endurskoðunar þegar breyting verður á grunnfjárhæðum húsnæðisbóta samkvæmt lögum um húsnæðisbætur nr. 75/2016.

Húsnæðisbætur og sérstakur húsnæðisstuðningur geta aldrei farið yfir 75% af húsnæðiskostnaði vegna viðkomandi íbúðarhúsnæðis. Ekki er greiddur sérstakur

húsnæðisstuðningur þegar húsnæðiskostnaður að frádregnum húsnæðisbótum er 50.000 kr. eða lægri.

Með húsnæðiskostnaði í reglum þessum er átt við þann hluta leigufjárhæðar sem greiddur er fyrir leiguafnot af húsnæði sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

6. gr.

Áhrif tekna á fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings

Við útreikning sérstaks húsnæðisstuðnings skal miða við neðangreind tekjumörk miðað við fjölda heimilismanna. Miðað skal við sömu tekjur og liggja til grundvallar ákvörðun húsnæðisbóta hverju sinni. Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur.

Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfelli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

7. gr.

Fjárhæð vegna mats á áhrifum tekna

Fjöldi heimilismanna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	5.217.376	6.521.721	434.782	543.477
2	6.939.111	8.673.889	578.260	722.825
3	8.086.933	10.108.667	673.912	842.389
4	8.765.192	10.956.490	730.433	913.041
6 eða fleiri	10.226.057	12.782.572	852.172	1.065.215

Samanlagðar eignir skulu ekki nema hærri fjárhæð en 12.500.000 kr. í lok síðastliðins ár.

8. gr.

Greiðsla sérstaks húsnæðisstuðnings

Sérstakur húsnæðisstuðningur er greiddur mánaðarlega, í fyrstu viku hvers almanaksmánaðar og er greiddur eftir á fyrir leigutíma undanfarandi almanaksmánaðar eða hluta úr almanaksmánuði. Hefjist leiga síðar en fyrsta dag mánaðar eða ljúki áður en mánuðurinn er á enda, er greiðslan miðuð við þann hluta mánaðarins sem leigutíminn nær til. Samningar um fyrirframgreiðslu húsnæðiskostnaðar milli umsækjanda og leigusala eða þriðja aðila hafa ekki áhrif á framkvæmd greiðslna.

IV. kafli

Sérstakur húsnæðisstuðningur vegna 15 – 17 ára barna

8. gr.

Húsnæðisstuðningur til foreldra eða forsjáraðila 15-17 ára barna sem leigja herbergi á heimavist eða námsgörðum vegna náms fjarri lögheimili.

Hvalfjarðarsveit veitir foreldrum og forsjáraðilum barna á aldrinum 15-17 ára sem leigja herbergi, eru á heimavist eða á námsgörðum fjarri lögheimili, húsnæðisstuðning. Húsnæðisstuðningurinn er óháður tekjum og eignum foreldra eða forsjáraðila ungmennanna. Stuðningurinn skal nema 60% af húsnæðiskostnaði vegna leigunnar en getur aldrei orðið hærri en 50.000 krónur á mánuði.

Umsóknir skulu berast rafrænt inn á íbúagátt Hvalfjarðarsveitar eða hún lögð fram hjá Velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar.

Með umsókn skal fylgja vottorð frá viðkomandi menntastofnun sem staðfestir nám umsækjanda og að umsækjandi leigi herbergi á heimavist eða námsgarði eða í leiguherbergi í íbúðarhúsnæði.

Umsókn skal berast fyrir 15. þess mánaðar sem greitt er fyrir, ekki er greitt aftur í tímann. Umsókn gildir einungis fyrir hverja skólaönn og þar því að sækja um á hverri önn.

Ákvæði 4.-8. gr. reglna þessara gilda ekki um sérstakan húsnæðisstuðning vegna 15-17 ára barna.

V. kafli

Endurnýjun umsóknar, upplýsingaskylda og endurskoðun ákvörðunar

9. gr.

Undanþágur frá skilyrðum

Heimilt er að veita undanþágu frá skilyrðum um tekjuviðmið ef umsækjandi á samkvæmt faglegu mati í mjög miklum félagslegum erfiðleikum. Umsóknir um undanþágur skulu þá vera skriflegar þar sem gerð er grein fyrir ástæðu undanþágubeiðni og úrskurðar Velferðar- og fræðslunefnd Hvalfjarðarsveitar um undanþágur.

10. gr.

Upplýsingar um aðstæður

Viðtakandi sérstaks húsnæðisstuðnings skal gera grein fyrir öllum breytingum sem verða á aðstæðum hans og kunna að hafa áhrif á umsókn og mat á henni. Þetta á við um tilvik eins og breytingar á hjúskaparstöðu, tekjum eða öðrum aðstæðum.

11. gr.

Endurnýjun umsóknar

Til þess að viðhalda gildi umsókna þarf umsækjandi að endurnýja umsókn innan 12 mánaða frá umsóknardegi og síðan á 12 mánaða fresti frá þeim degi. Endurnýjun umsóknar skal vera skrifleg. Við endurnýjun umsóknar skal kanna hvort skilyrðum 4. gr. reglna þessara sé fullnægt.

Rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings má endurskoða hvenær sem er og endurreikna fjárhæð hans þannig að upphæð greiðslu verði í samræmi við þær breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og eða annarra heimilismanna.

12. gr.

Leiðrétting á sérstökum húsnæðisstuðningi

Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið hærri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber honum að endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var. Heimilt er að draga ofgreiddan sérstakan húsnæðisstuðning frá síðar tilkomnum sérstökum húsnæðisstuðningi til sama aðila á næstu tólf mánuðum eftir endurskoðun. Ekki er heimilt að draga frá sérstökum húsnæðisstuðningi hærri fjárhæð en nemur 25% af greiðslum í hverjum mánuði. Hafi fjárhæð sérstaks húsnæðisstuðnings verið lægri en umsækjandi átti rétt til á umræddu tímabili ber Hvalfjarðarsveit að greiða þá fjárhæð sem vangreidd var.

13. gr

Rangar eða villandi upplýsingar

Sérstakur húsnæðisstuðningur sem veittur er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda er endurkræfur með sama hætti og gildir um fjárhagsaðstoð sbr. 23. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

VI. kafli

Málsmeðferð

14. gr.

Könnun á aðstæðum

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning hefur borist og tryggja að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin.

15. gr.

Samvinna við umsækjanda

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við umboðsmann hans ef við á. Umboðsmaður skal framvísa skriflegu umboði.

16. gr.

Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur og gögnum

Málgögn er varða persónulega hagi umsækjanda skulu varðveitt með tryggilegum hætti. Hafi starfsmenn kynnst einkahögum umsækjanda eða annarra í starfi sínu er þeim óheimilt að fjalla um þau mál við óviðkomandi aðila nema að fengnu samþykki viðkomandi. Umsækjandi á rétt á að kynna sér upplýsingar úr skráðum gögnum sem varða mál hans að svo miklu leyti sem það er í samræmi við lög og stangast ekki á við trúnað gagnvart öðrum.

17. gr.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsmaður bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning.

18. gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum

Ákvarðanir samkvæmt reglum þessum eru teknar af Velferðar- og fræðsludeild Hvalfjarðarsveitar í umboði sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

19. gr.

Kynning á ákvörðun um sérstakan húsnæðisstuðning

Kynna skal niðurstöðu umsóknar um sérstakan húsnæðisstuðning fyrir umsækjanda með skriflegum hætti svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn hafnað í heild eða að hluta skal umsækjandi fá skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti með vísan til stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglna sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveitar um sérstakan húsnæðisstuðning.

Umsækjandi hefur fjögurra vikna frest til þess að vísa máli sínu til Velferðar- og fræðslunefnd frá því að honum berst vitneskja um ákvörðun. Velferðar- og fræðslunefnd skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er. Jafnframt skal umsækjanda kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

**20. gr.****Málskot til úrskurðarnefndar velferðarmála**

Umsækjandi getur skotið ákvörðun Velferðar- og fræðslunefnd til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var kunngerð ákvörðun Velferðar- og fræðslunefndar.

21. gr.**Gildistaka**

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 14.01.2026

Reglur þessar öðlast gildi sama dag.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Velferðar- og fræðslunefnd 07.01.2026.

Reglur þessar voru samþykktar á 292. Fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar, 10.09.2019.

Reglur þessar voru uppfærðar og samþykktar í Fjölskyldu- og frístundanefnd 02. Febrúar 2022.

Samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 08.02.2022.

Matsviðmið fyrir sérstakan húsnæðisstuðning

<i>Staða umsækjanda</i>	<i>Stig</i>
Staða umsækjanda er önnur en getið er hér að neðan	0
Örorkulífeyrisþegi með 75% örorkumat	2
Ellilífeyrisþegi	2
Framfærsla hjá þjónustumiðstöð vegna langvarandi atvinnuleysis eða óvinnufærni	2
<i>Húsnæðisstaða</i>	
Er með húsnæði. Húsaleiga er minna en 20% af heildartekjum heimilisins	0
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er íþyngjandi, húsaleiga er meira en 20% af heildartekjum heimilisins	1
Er með húsnæði. Húsnæðiskostnaður er verulega íþyngjandi, húsaleiga er meira en 30% af heildartekjum heimilisins	2
Óðruggt húsnæði, þ.e. gistir hjá vinum og/eða ættingjum	2
Gistir í neyðarathvarfi eða á gistiheimili	4
Heilsuspillandi húsnæði samkvæmt mati heilbrigðiseftirlits eða húsnæði er sannanlega óíbúðarhæft af öðrum ástæðum og veruleg vandkvæði bundin því að finna nýtt húsnæði	4
<i>Félagslegar aðstæður umsækjanda</i>	
Aðstæður umsækjanda eru betri en getið er hér að neðan	0
Umsækjandi glímir við félagslegan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning félagsþjónustu, annan en fjárhagslegan, á undanförunum 12 mánuðum	2
Málefni barns hefur verið í umfangsmikilli vinnslu félagsþjónustu á undanförunum 24 mánuðum þar sem barnið hefur fengið bæði aðstoð á grundvelli skóla- og félagsþjónustu eða mál þess verið til meðferðar hjá barnavernd á undanförunum 24 mánuðum	4
Umsækjandi glímir við fjölpættan vanda og hefur fengið umfangsmikinn stuðning þjónustumiðstöðvar, annan en fjárhagslegan, í að lágmarki 24 mánuði	4
Umsækjandi glímir við alvarleg langvinn veikindi sem hafa veruleg áhrif á fjárhags- og húsnæðisstöðu samkvæmt faglegu mati félagsráðgjafa	4